

# Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi

## með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót

Snævarr Guðmundsson, Náttúrustofa Suðausturlands

### Ágrip

Markmið þessa verkefnis er að gera tillögur um tíu áningastaði á Suðausturlandi, til viðbótar þeim sem fyrir eru, og áherslutengja þá. Áningarstaðir og útskot við hringveginn eru ætlaðir vegfarendum til hvíldar, vegupplýsinga og fræðslu. Upplýsingar sérhvers áningarstaðar eru mismiklar og formgerð ólík. Áherslur sem hér eru lagðar til taka mið af því hvað höfðar til ferðamanna, t. d. áhugavert myndefni við hringveginn, athyglisverðar jarðmenjar og menning. Á Suðausturlandi er fjölbreytileiki landslagsins mikill og víða stórbrotið útsýni til fjalla og jökla. Hringvegurinn hefur á ákveðin hátt fengið það hlutverk að vera útsýnisvegur sem dregur að sér fjölda ferðamanna hvert ár.

Samhliða auknum fjölda vegfarenda verður sífellt algengara að sjá ferðamenn stöðva bíla á vegi eða vegöxl til þess að taka myndir eða skoða það sem fyrir augu ber. Þar sem vegaxlir eru ekki breiðar er stöðvað utan í eða jafnvel á miðjum vegi. Þetta skapar hættu fyrir aðra vegfarendur. Eitt skref til úrlausnar teljum við vera að fjölga vegútskotum á öruggum stöðum þar sem mjög algengt er að ferðamenn veiti umhverfi eða útsýni athygli.

Með áherslutengingu áningastaða og fjölgun vegútskota geta hlutar hringvegarins þjónað hlutverki fræðslu- og útsýnisvega án þess að þurfa koma niður á öðrum almennum akstri, umferðaröryggi eða kosta þurfi miklum fjármunum til. Samtímis má draga úr þeirri hættu sem hefur orðið sífellt meira áberandi undanfarin ár. Þar vinni saman akstursöryggi á hringveginum en jafnframt er hægt að auka ánægju ferðalanga af vegleiðinni sjálfri.

Verkefninu er á höndum Náttúrustofu Suðausturlands og var styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2015. Samstarfsaðilar eru Vegagerðin, Lögregluumdæmi Suðurlands, Vatnajökulspjórþegarður og Mannvit.

Í erindinu verður tæpt á þeim fyrirmyndum sem liggja að baki, núverandi áningarstöðum og vænlegum viðbótarkostum við þjóðveg númer eitt á milli Skeiðarársands í Austur-Skaftafellssýslu og Streitishvarfs, norðan Berufjarðar, í Suður-Múlasýslu.